

Nd.

613. Lög

um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ællaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ællaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er

þeim er skylt að hiýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.